

- 14.1.4 Í nánari skilgreiningu á heiti matvælaflokksins, sbr. stjörnumerkingu, komi orðið „saft“ í stað orðsins „safí“.  
Í heimildum fyrir notkun fosfórsýru og fosfata komi númerin E 338, E 339-341 í stað númeranna E 339-341.  
Athugasemd fyrir kaffein breytist og orðast svo: „135 mg/l, aðeins í tilbúna gosdrykki“.
- 15.2 Athugasemdin „Alls 300 mg/kg“ sem á við um sorbínsýru og sorböt fellur brott og í staðinn kemur athugasemdin „Alls 300 mg/kg“ sem á við um notkun p-Hýdroxýbensóata.
- 16.2 Fyrir litarefnið tartrasín kemur númerið E 102.

---

2. gr.

Við neðanmálgreinina „Má ekki nota í þurrkaðar vörur“ í kafla A-2 í viðauka 3 bætist: sem er ætlað að draga í sig vatn við inntöku.

3. gr.

Við a. lið í kafla A-5 í viðauka 3 bætist: • Hámarksákvæði fyrir nítrít og nítröt, sbr. einnig d lið, gilda um það magn efnanna sem notað er við framleiðslu vörunnar. Nítrít skal eingöngu nota sem nítrítsalt, þ.e. matarsalt (NaCl) með 0,4-0,6% af natríum- eða kálfum-nítríti. Með nítríti er æskilegt að nota askorbínsýru eða natríumaskorbat.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 94/36/EB um notkun litarefna og tilskipun 95/2/EB um notkun aukefna, annarra en litar- og sætuefna, með breytingu 96/85/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnun, 21. desember 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERD

### um sérsveit ríkislögreglustjórans.

1. gr.

Ríkislögreglustjórnin annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu lögregluliða á landsvísi. Hann skal starfrækja sérsveit lögreglu til að takast á við vopnuð lögreglustörf og öryggismál þegar þörf krefur hvar sem er á landinu og innan efnahagslögsögu Íslands.

## 2. gr.

Allt forræði sérsveitar lögreglunnar er hjá ríkislögreglustjóranum svo sem starfræksla, stærð, búnaður, þjálfun, rekstur og stefnumótun um verkefni og vinnuaðferðir.

Ríkislögreglustjórinn skal setja verklagsreglur um starfsemi sveitarinnar.

## 3. gr.

Dómsmálaráðherra felur ríkislögreglustjóranum að fara með lögreglustjórn þar sem sérsveit lögreglunnar er kölluð út vegna vopnaðra lögreglustarfa og öryggismála. Við störf sín lýtur sérsveitin yfirstjórn ríkislögreglustjórans.

## 4. gr.

Heimilt er að starfrækja sveitina með þeim hætti að stjórnendur hennar starfi hjá ríkislögreglustjóranum í fullu starfi en aðrir lögreglumenn í henni komi til starfa frá öðrum lögreglulíðum vegna þjálfunar eða verkefna hverju sinni.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 7. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996 öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Björg Thorarensen.*

## GJALDSKRÁ

**yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu  
er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.**

## 1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	<b>kr./klst.</b>
1. Rannsóknamaður .....	3.080
2. Sérfræðingur I .....	4.400
3. Sérfræðingur II .....	5.800

## 2. gr.

<b>Örverumælingar:</b>	<b>kr./klst.</b>
Undirbúningur sýna .....	1.200
<i>Clostridium perfringens</i> , forpróf .....	1.680
<i>Clostridium perfringens</i> , staðfesting .....	1.560
Enterococci .....	1.260
Ger- og myglusveppir .....	1.470
Iðragerlar .....	1.260
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN .....	1.545